



1, 10.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON  
RITSTJÓRI.

Sept. 1906.

### Bergmál.

Þið vitið, hvað bergmál er.—börn. Eg er viss um, að þið flest hafið tekið eftir bergmálinu. Stundum þegar þið hafið verið úti og hafið kallað, þá hefur heyrst eins og tekið væri undir eða ykkur væri svarað. Eftir þessu hafið þið tekið.

Í fyrsta sinni, þegar þið heyrðuð þetta, þótti ykkur það undarlegt. Þið furðuðuð ykkur á því, hvað þetta gæti verið. Þið sáuð engan, en heyrðuð þó einhvern svara. Og svo kölluðu þið aftur eða hóuðuð. En sama kallið kom aftur til ykkar eða hóið. Og röddin líktist ykkar rödd. Það var eins og verið væri að herma eftir ykkur. Þið tókuð eftir því. Og þá er líklegt, að þið hafið kallað: „Ertu að herma eftir mér?“ Og heyrðuð svo svarað: „,erma eftir mér?“ — Þá hafið þið kallað: „Þegiðu!“ Og svarið kom: „,egiðu!“ — Þá enn herra og í byrstum róm: „Þegiðu, karl!“ Og svarað í sama róm: „,egið', karl!“

Nú hafið þið viljað fá að vita, hvað þetta væri. Þið hafið þá spurtt mömmu ykkar, og hún sagt ykkur, að þetta væri *bergmál*. Röddin ykkar sjálfra bærst aftur til ykkar.

Það er gaman að bergmáli. Gaman að hlusta á, þegar vel tekur undir í skógi eða klettum. Og að syngja þá og heyra srungið alt í kring um sig. En þegar illa er sungið og talað er ljótt, þá heyrst það líka. Og er það ljótt bergmál.

Það var drengur einn, sem ekki þekkti bergmál. Hann heyrði, hvernig hermt var eftir honum. Og hélt það væri einhver drengur. Reiddist og varð vondur, og fór að kalla hann ljótum nöfnum. En heyrði svo, að hann var kallaður sömu ljótu nöfnunum í sama róm og hann sjálfur gerði. Hann hleypur þá til mömmu sinnar og segir henni, að einhver ljótur strákur sé úti, sem hermi eftir sér og kalli sig ljótum nöfnum. Hann sjái hann ekki. Heyri að eins til hans. Mamma hans brosir og segir stillilega: „Þú hefur líklega orðið vondur og kallað hann ljótum nöfnum sjálfur. Reyndu að tala fallega til hans, og viltu svo, hvort svarið verður ekki fallegra. Og mundu það, drengurinn minn, að þú mátt aldrei búast við góðu svari, ef þú hefur talað illa til einhvers.“ Og með það fór drengur.

Já, gáid að *bergmálinu* ykkar, börn. Það er ekki fallegra en röddin ykkar. Og gáid að því, að þegar þið eruð vond við önnur börn og kallið þau ljótum nöfnum, þá gera þau hið sama við ykkur. En það er þá „*bergmálið*“ ykkar. Hugsið um það.

Þið megið þá ekki reiðast ljóta „*bergmálinu*“ ykkar og verða vond eins og drengurinn. Heldur á ljóta „*bergmálið*“ ykkar að sýna ykkur, hvað ljót þið hafið verið. Og það á að auðmýkja ykkur og kenna ykkur að tala fallega, svo að „*bergmálið*“ ykkar verði fallegt.

Það er gaman að bergmáli, sagði eg. Það er gaman að heyra fallega bergmáls-sönginn hljóma alt í kring um sig. Það er gaman líka að „*bergmálinu*“ ykkar, þegar það er fallegt — þegar það er eins og fallegur söngur alt í kring um ykkur. Ó, látið „*bergmálið*“ ykkar vera fallegt!

—o—

### Notið tímann vel.

#### VII.

Þegar eg var að tala við ykkur um þetta síðast, þá var eg að hvetja ykkur til að nota vel sumar-fríið ykkar og frí-tímann yfir höfuð. Munið þið það? Þá var sumar-frí margra ykkar einmitt ný-byrjað. En nú er það á enda. Og skóla-tíminn er aftur byrjaður.

Höfðuð þið nokkuð gagn af því, sem eg sagði við ykkur um sumar-fríið ykkar? Undur þætti mér vænt um, ef svo hefði verið. Og blessað væri það, ef þið hefðuð farið vel með frí-tímann ykkar, og væruð nú fyrir það betri börn, en ekki verri. Hugsið um það, hvernig þið fóruð með hann. Ó, gerið það fyrir mig!

En nú er skóla-tíminn byrjaður, eins og eg sagði. Og nú ríður á því, að þið notið hann vel—dýrmæta skóla-tímann

ykkar. En hvað mikið er í hann varið fyrir ykkur! Og þið þurfið sjálf að finna til þess. Og þið finnið ögn til þess að minsta kosti, ef þið finnið það, að þið hafið gott af skóla-verunni ykkar.

En undir ykkur sjálfum er svo mikið komið með það. Undir því einmitt komið, hvernig þið notið ykkur skóla-veruna. Ef þið farið vel með hana, þá þykir ykkur vænt um hana. En ef þið farið illa með hana, þá verður ykkur illa við hana. Ykkur finst, að þið hafið ekkert gagn af henni.

Það eru til börn, sem er illa við skóla. Vilja ekki í skóla vera. Segja, að það sé ekki til neins. Þau læri ekki neitt. Litlu flónin! Þau vita ekki, hvað þau segja. Og einmitt þetta vita þau ekki, að þeim er sjálfum mest um að kenna. Þau notuðu tímann sinn illa, og höfðu svo ekkert gagn af skóla-verunni. Lærðu ekki neitt af því, sem þau áttu að læra. Or eignuðust ekki neitt af því, sem þau gátu eignast. Kendu svo skólanum um.

Það var einu sinni litill drengur, sem sagði, að epli væru vond. Hann hafði aldrei bragðað þau. En einu sinni hafði hann verið að leika sér að epli—hafði verið að kasta því upp í loftið, en það lent svo á andlitið á honum, og hann meitt sig ofur lítið. Þess vegna voru epli vond, fanst honum, flóninu litla.

Svona finst sumum börnum um skóla-veruna. Hún er vond, segja þau. En hafa þó raunar aldrei bragðað hana. Hafa að eins leikið sér að henni, eins og drengurinn að eplinu, og meitt sig, eins og hann á því. Með öðrum orðum: Þau fengu hirting, af því þau voru vond og vildu ekki hlýða. Svo fanst þeim skólinn vondur og þau vildu ekki fara í hann. En þegar þau eldast og fá meira vit, skilja þau, hvað mikil flón þau hafa verið. En þá er það um seinan. Skóla-tíminn er úti.

Hvað gott það hefði verið fyrir þau börn, ef foreldrarnir þeirra hefðu haft vit fyrir þeim!

Munið að fara ekki svona illa með skóla-veruna ykkar, börnin mín. Notið hana vel með því að læra vel lexiurnar ykkar, og taka vel eftir því, sem kennarinn segir. Þá þykir ykkur vænt um skóla-veruna. Því þá finnið þið til þess, að þið lærið eitthvað og eignist etthvað, sem þið hafið gott af. Þið komist á bragðið. Og þá viljið þið fá meira. Það er æfinlega svo, að þegar einhver finnur, að eitthvað er gott á bragðið, þá vill hann fá meira. En undir ykkur sjálfum er mikið

lomið, hvort ykkur finst skóla-veran góð á bragðið eða ekki. Munið það.

Ef þið notið tímann ykkar í skólanum vel—*eruð iðin, hugs-  
ið vel um það, sem þið eruð að læra, takið vel eftir, eruð ekki  
með hugann út um hnippið og huappinn eða með augun alls-  
staðar annarsstaðar en þau eiga að vera*—ef þið notið tímann  
ykkar á skólanum þannig, þá mun ykkur þykja vænt um  
skóla-veruna ykkar. Og þá þakkið þið guði fyrir hana og fer-  
eldrunum ykkar líka, sem hjálpuðu ykkur til þess að vera í  
skólanum. Guð blessi ykkur skóla-veruna ykkar.

---

### Gott félag.

---

Á Englandi myndast allskonar félög. Mætti því kalla það  
*móðurkeimkynni hinna mörgu félaga*. Nú hefur ný-mynlast  
þar félag eitt fyrir börn, sem kallað er „félag góðra síðra“.  
Börn frá 5—15 ára að aldri geta tilheyrt því.

Megin-reglur félagsins eru lesnar upp fyrir félags-limum  
einu sinni í hverri viku. En þær eru þessar:

1. *Heima*: Hjálpaðu foreldrum þínum. Vertu góður við  
systkini þín. Vertu ekki eigingjarn. Legðu alt kapp á að vera  
foreldrum þínum til ánægju.

2. *Í skólanum*: Berðu virðingu fyrir kennurum þínum.  
Hjálpaðu þeim það, sem þér er unt. Hlýddu reglum skólans  
vandlega. Skerðu ekki í borð né bekki, og ataðu ekki bræk-  
unnar. Láttu aldrei hegna neinum í staðinn fyrir þig.

3. *Í leikjum*: Skemtu þér, en forðastu ofsa-kæti. Vertu  
ekki ófriðsamur né deilugjarn. Gerðu ekki gys að leikbræðr-  
um þínum eða leiksystrum.

4. *Á strætum*: Viktu ætíð úr vegi fyrir fullorðnu fólki.  
Hæðstu ekki að lasburða gamalmennum. Hjálpaðu þeim held-  
ur, ef nauðsynlegt er. Fleygðu ekki apelsínu-berki né paopirs-  
blöðum á strætin.

5. *Við borðið*: Láttu ekki matinn með hnifnum upp í þig;  
borðaðu heldur með gafflinum. Taktu eftir, hvort sessunaut-  
ar þínir við borðið þurfa nokkurs, einkum þeir, sem næstir þér  
sitja. Hugsaðu ekki eingöngu um sjálfan þig. Talaðu ekki  
með fullan munninn. Legðu ekki handleggina upp á borðið.

6. *Í tilliti til sjálfs þín*: Vertu ráðvandur, sannorður og lát-  
laus. Brúkaðu engin ósæmileg orð. Vertu ætíð sómasamlega  
til fara. Og sýndu þig aldrei með óburstaða skó né í óburst-  
uðum fötum.

7. Vertu ætíð kurteis við aðra. Gleymdu ekki að segja: *Gerðu svo vel!* Þegar þú réttir eitthvað að einhverjum, eða: *Þakka þér fyrir!* Þegar þú þiggur eitthvað. Sjáðu um það, sem sjálfum þér kemur við, en slettu þér ekki fram í það, sem annarra er. Gaktu aldrei inn í annars manns herbergi án þess að drepa á dyr. Taktu ekki fram í fyrir öðrum, þegar hann er að tala. Vertu í tíma.

Skyldi vera nokkur þörf á slíkum félagskap hjá okkur? —En hvað sem nú því líður, hvort slíkur félagskapur ætti nokkurn tíma að verða til hjá okkur eða ekki, þá getið þið börn—og fullorðna fólkið líka—lært af þessum reglum. Og eitt er víst: Þið eigið að læra og að temja ykkur *góða síði*. Það er alls ekki lítils virði fyrir neinn, að hann geri það. Góðir síðir sýna menningar-brag. Ósíðir sýna menningar-skort.

## KRISTJÁN KONUNGUR NÍUNDI OG ZARINN.

Einu sinni sem oft var fyrrverandi Rússakeisari, Alexander annar, staddur í Kaupmannahöfn í heimsókn hjá tengdafaður sínum, Kristjáni konungi níunda, er dó síðastliðinn vetur. Þeir gengu þá sér til skemtunar upp á svo kallaðan *Sívala-turn*. Þaðan er besta útsýn yfir borgina.

Þá á keisarinn að hafa sagt, um leið og hann lét í ljósi, hvað afar há bygging Sívali-turn væri: „Hugsid yður, hvaða vald eg hef yfir Rússum. Hver einn einasti þeirra myndi steypa sér hérna niður, ef eg skipaði honum það.“

Þá á Kristján konungur að hafa svarað honum:


„Ekki myndi neinn af mínum þegnum gera það. En í hverju eina einasta húsi, sem þér sjáið hédan af turninum, gæti eg óhult sofið, án nokkurs annars lífvarðar en kærleika þegna minna.“ Rússakeisari varð hljóður við og hugsandi. Sagði svo: „Við skulum halda áfram!“

## ÞYRNIRUNNURINN.

(Eftir *Lessing*.)

„Segðu mér eitt!“—sagði víðirinn við þyrnirunninn. „Því ertu svo sólgin í fötin á fólki, sem fer fram hjá? Til hvers ætlarðu þér að nota þau? Geturðu haft nokkurt gagn af þeim?“—„Alls ekki neitt!“—svaraði þyrnirunnurinn. „Eg ætla mér ekki heldur að taka þau. Mig langar að eins til að rífa þau.“

Sumir menn eru líkir þyrnirunninum. Þá langar að eins til að klóra í aðra og rífa þá. Þeir hafa gaman af því. Gam- an af að meíða þá og særa. Aðrir hafa gaman af að skemma, rífa og tæta alt sundur. Ætla sér ekki að gera neitt gott með því eða hafa gagn af því. Rífa að eins til þess að rífa. Það er þeim svo mikil ánægja. „Svei, svei! Það er ljótt!“—segið þið. Já, víst er það ljótt. En þið megið þá aldrei líkjast þyrnirunninum, börn.



### Sögur um dýr.

Eftir handriti H. Kr. Fr.

#### II.

Einhverju sinni var tollheimtumaður einn í Helsingjaeyri á Sjálandi. Hann átti tvo veiðihunda. Einu sinni var það, er hann sat í tollgjaldshúsinu, að annar hundurinn kom hlaupandi til hans, og var mjög óróf, og lét ýmsum látum, sem vildi hann fá húsbónda sinn til að fylgja sér. Maðurinn gerði það að síð- ustu, þá er hann skildi, hvað hundurinn vildi. Hundurinn hljóp fyrir, uns hann kom að víggirðingunum umhverfis Krónuborg, er stendur rétt hjá Helsingjaeyri. Hinn hundurinn var þar fastur í dýraboga, er hafði verið lagður þar.

#### III.

Maður er nefndur Görkingk; hann átti heima á Þýskalandi. Hann var embættismaður. Árið 1726 var hann skipaður í nefnd eina og skyldi hún eiga fund með sér í bæ einum litlum, sem nefndur er Gattersleben, og hélt því Görkingk þangað. Hann átti hund einn svartan, stóran vexti, og var hann mjög fylgi- spakur við húsbónda sinn. Hundur þessi hafði hlaupið á eftir honum, svo að hann ekki vissi. Þá er Görkingk sat að mið- degisverði ásamt hinum nefndarmönnum, kom hundurinn inn í stofuna, þar sem þeir sátu, snuðraði upp húsbónda sinn og tók að gelta ákaflega. Görkingk bauð þjóni sínum að reka hund- inn út, en þá tók hundurinn að urra, og lét sem hann myndi bíta þjóninn, hljóp til húsbónda síns, gelti í sífellu, og beit í kjól hans, eins og hann vildi fá hann til að standa upp. Það var rétt að honum kjötstykki, en hann þáði það ekki, og hætti ekki að ónáða húsbónda sinn. Að síðustu tók Görkingk eftir, að hundurinn var alvotur. Datt honum þá í hug, að einhverjar sérlegar ástæður hlýtu að vera til þess, að hundurinn væri svo óróf. Hann stóð því upp frá borðum, og bjóst að fylgja hon- um. Þá er hundurinn sá það, gerðist hann þegar róf, stökk

fram og aftur, og var næsta glaðlegur. Því næst hljóp hann út, og fór húsbóndi hans á eftir honum, og allir hinir, sem að borðum sátu, uns þeir komu út úr bænum að á einni, og á brú nokkra, sem þar var á. Þar nam hundurinn staðar, stökk þegar í ána, og svam yfir til eyjar einnar eða sandeyri, sem var í miðri ánni.

Í sömu svipan kom þar að stúlka ein lítil, á að sjá sjö eða átta vetra; hún var grátandi, og sagði, að bróðir hennar þrjúvetur hefði fallið af brúnni niður í ána; hundurinn hefði legið þar á brúnni, stokkið þegar á eftir honum, bitið hann til bana, og synt með hann yfir á sandeyrina. Nú sáu hinir barn eitt lítið á eyrinni; hundurinn stóð yfir því og sleikti það, og rendi við og við augum til húsbónda síns, sem hann biði boðs þess, að koma með barnið; en Görkingk þorði ekki á það að hætta, og kallaði til hundsins: „Ligðu kyrr.“ Hundurinn lagðist þegar niður hjá barninu, og var að sleikja það, uns það var sótt á báti.

Nú var barnið vandlega skoðað, og varð sú raunin á, að barnið var með öllu óskaddað, en ekki bitið til bana, sem stúlkan hafði sagt. Hundurinn hafði stokkið í ána til að frelsa barnið, tekið í klæði þess og synt með það yfir á evrina, þar sem hann átti hægast að bera það á land. Barnið var óskemt og hélt bæði lífi og heilsu.

---

### MÝSNAR.

(Eftir *E. Beycr.*)

Einu sinni héldu mýsnar fund með sér um það, hvaða ráð myndi bezt, til þess að verjast kettinum. „Eg þekki gott ráð!“ —gall við ung mús. „Við skulum hengja litla bjöllu á kisu. Þá getum við æfinlega heyrt til hennar, þegar hún kemur, og í tíma forðað okkur og hlaupið inn í holur okkar.“ — Öllum músunum fanst þetta þjóðráð og þær glöddust mjög, tístu, stukku og dönsuðu hver með annarri af fögnuði og sögðu: „Nú skal kisa aldrei gera okkur neitt mein framar!“

Þarna í horni einu lá hálsband, sem hvölpur hafði átt, og voru tvær smá-bjöllur á því. Mýsnar fara nú allar að naga, og nögudu aðra bjölluna af hálsbandinu. En að því búnu spurja þær hver aðra: „Hver á nú að hengja bjölluna á kisu.“—En engin þeirra þorði að gera það. Fóru svo allar sneypar aftur inn í holur sínar.

---

## TIL GAMANS.

*I skóla.*—Kennarinn: „Hvað er maður í fleirtölu?“

Nemandinn: „Menn.“

Kennarinn: Það var rétt!—Þú getur þá sagt mér, hvað barn er í fleirtölu.“

Nemandinn: „Tvíburar.“

*Hann kunnir að snúa sér.*—Faðirinn: „Nú Eiríkur minn, til hvers brúkaðir þú 15 centin, sem eg gaf þér til þess þú tækir inn laxérolúna “

Sonurinn: „Eg keypti sætindi fyrir 10 cent. En 5 cent gaf eg Ottó til þess að taka olúna inn fyrir mig.“

*Sá vissi það!* — Kennarinn: Heyrðu mig, litli vinur minn. Þú getur víst sagt mér, hvað *kleði* er?—Nú, úr hverjú er treyjan þín búin til?“

Hans litli: Treyjan mín? — Já, hún er búin til úr gömlu buxunum hans pabba míns.

*I skóla 10 Nóvember.*—Kennarinn segir við lærisveina sína: „Þennan dag fæddust tveir miklir Þjóðverjar. Marteinn Láuter var annar, skáldið Schiller hinn.“

Eitt barnið kallar þá upp og spyr: „Vorur þeir tvíburar?“

*Skýring.*— Kennarinn: „Hvaða skelfileg ólæti eru þarna í öftustu sætunum?“

Pétur litli: „Það var bara þerriblaðið mitt. Það datt niður á gólfið.“

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örk. *Address* ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. Jón J. Vopni er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barnanna“.

*Address:* Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.  
Canada.

Hr. Sigrbjörn A. Gíslason í Reykjavík er aðal-umboðsmaðr „Sam.“ á Íslandi.